

**7. bekkur - námsgrein: SMÍÐI****- kennari: Friðrik Steinn Friðriksson****- tímafjöldi: 16 skipti í 80 mín**

**Námsgögn:** Verkfærin á smíðastofunni ásamt efni sem skólinn útvegar.

**Lykilhæfni:**

- **Að nemendur geti unnið sjálfstætt og sýni frumkvæði**
- **Að nemendur þrói grunnfærni í smíði**
- **Að nemendur beiti skapandi hugsun og lausnamiðari nálgun**
- **Að nemendur læri góða umgengni á verkstæði**
- **Að nemendur læri öryggi og rétta notkun verkfæra og efna.**

**Grunnþættir:**

Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla eru grunnþættir menntunar sex. Unnið er með alla þessa þætti, en þó mismikið eftir árgöngum: *læsi, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, heilbrigði og velferð, sköpun*. Sjá nánar í skólanámskrá Landakotsskóla.

**Lokanámsmat í samræmi við hæfniviðmið aðalnámskrár.**

Í Landakotsskóla er leitast við að námsmat sé leiðbeinandi og nái utan um fjölbreytta hæfni nemenda. Í megindráttum er endurgjöf og námsmat til nemenda með tvenns konar hætti:

- *í formi óformlegs námsmats í gegnum samtal, hvatningu og leiðsögn í kennslustundum sem byggt er á skýrum markmiðum sem eru nemendum ljós.*
- *með formlegri hætti með ólíkum verkefnum sem nemandi vinnur ýmist í skólanum eða sem heimaverkefni. Nemendur sýna hæfni sína með ritgerðum, kynningum, munnlegum, verklegum eða skriflegum prófum, leikþáttum, stuttmyndum, framsöguverkefnum myndverkum eða dansverkum þar sem styrkleikar nemenda geta notið sín. Í þessum verkefnum fá nemendur formlegri endurgjöf sem getur verið í formi einkunnarorða, bókstafa, prósentutölu, stigagjafar eða umsagnar. Nemendur vinna einnig sjálfsmat og jafningjamat með sambærilegum hætti. Námsmatið er grundvallað á þeim hæfniviðmiðum sem unnir er með hverju sinni.*

Náms- og kennsluáætlun



Skólaárið 2025-2026

**Hæfniviðmiðin eru sá grundvöllur sem náms- og kennsluaðferðir og námsmat byggjast á.**

- Hæfniviðmiðin skýra fyrir nemendum til hvers er ætlast af þeim og leiðbeina við námið, hvetja og auka skilning á tilgangi námsins.
- Hæfniviðmiðin hjálpa kennurum að gera sér skýra grein fyrir því hvað það er sem þeir vilja að nemendur nái tökum á varðandi þekkingu og leikni.
- Hæfniviðmiðin hjálpa kennurum að velja hentugar kennsluaðferðir og skilgreina hvernig meta skuli árangur og hvort tiltekinni hæfni sé náð.

Námsþættir	Hæfniviðmið	Náms-og kennsluaðferðir	Námsmat
Öryggi og sjálfbærni: Áframhaldandi áhersla á öryggi og sjálfbæra notkun efna og verkfæra.	Þróaðri færni í notkun efna og verkfæra: Nemendur öðlast meiri færni og nákvæmni	Sjálfstæð og verkleg kennsla: Nemendur vinna sjálfstætt við flóknari verkefni, með stuðningi og leiðsögn kennara.	Símat kennara
Flókin hönnunar- og smíðuferli: Nemendur taka þátt í flóknari hönnunar- og smíðaverkefnum.	Sjálfstæði og frumkvæði í flóknum verkefnum: Nemendur sýna sjálfstæði í hönnun og framkvæmd flókinna verkefna.		

